

UMFJÖLLUN UM AÐSENDAR SKÝRSLUR AÐILDARRÍKJANNA
SKV. 40. GR. SÁTTMÁLANS

Lokaathugasemdir Mannréttindanefndar

FRUMÚTGÁFA, ÓRITRÝND

ÍSLAND

1. Mannréttindanefndin fjallaði um fjórðu tímabilsskýrslu Íslands (CCPR/C/ISL/2004/4) á 2258. og 2259. fundum sínum (CCPR/C/SR.2258 og 2259), sem haldnir voru þann 16. mars 2005, og samþykkti eftirfarandi lokaathugasemdir á 2272. fundi sínum (CCPR/C/SR.2272), sem haldinn var þann 28. mars 2005.

A. Inngangur

2. Nefndin fagnar því að aðildarríkið skilaði vel unninni skýrslu á réttum tíma svo og þeim skriflegu upplýsingum sem bárust frá sendinefndinni sem svar við spurningalista nefndarinnar. Upplýsingarnar voru ítarlegar og upplýsandi. Nefndin þakkar skoðanaskiptin sem hún átti við sendinefnd aðildarríkisins.

B. Jákvæð atriði

3. Nefndin hrósar aðildarríkinu fyrir almennt góða frammistöðu í að framfylgja ákvæðum sáttmálans. Nefndin telur ánægjulegt hversu mikið hefur verið gert, bæði á sviði lagasetningar og á öðrum sviðum, til að stuðla að og vernda þau réttindi sem tryggð eru samkvæmt sáttmálanum síðan þriðja tímabilsskýrsla Íslands var til umfjöllunar. Hér er einkum um að ræða setningu barnaverndarlaga, nr. 80/2000, laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og barnalaga, nr. 76/2003.

4. Nefndin fagnar setningu laga nr. 62/1998 um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, en þau felldu úr gildi mikilvæg ákvæði eldri laga þar sem börnum var mismunað eftir því hvort þau voru fædd innan eða utan hjónabands.

5. Aðildarríkinu er kunnugt að kynbundinn launamunur er enn til staðar, með 15% mun að jafnaði milli kynjanna árið 2004, en nefndin telur ánægjulegt að sönnunarbyrðin liggi hjá vinnuveitanda, sem verður að sýna fram á að munur á launum sem greidd eru körlum og konum fyrir jafnverðmæt störf stafi af öðru en kyni launþeganna.

6. Nefndin fagnar stofnun Jafnréttisstofu.

7. Nefndin gleðst yfir áhuga aðildarríkisins á að gæta mannréttindasjónarmiða þegar ráðstafanir eru gerðar til að verjast hryðjuverkum; meðal annars með áframhaldandi skilyrðislausu banni við framsali, endursendingu ('refoulement') eða brottvísun einstaklings til lands þar sem hann ætti á hættu að vera dæmdur til dauða og brotum gegn 7. og 9. gr sáttmálans.

C. Helstu áhyggjuefni og tilmæli

8. Nefndin hvarf að Ísland gerir áfram fyrirvara við nokkur ákvæði sáttmálans.

Aðildarríkið er hvatt til að falla frá fyrirvörum sínum.

9. Nefndin hvarf að sjálfur sáttmálinn hafi enn ekki verið felldur inn í íslenska löggjöf, þrátt fyrir tilmæli hennar frá 1998 og það að ákvæði 3., 24. og 26. gr. sáttmálans hafi ekki verið felld inn í íslenska löggjöf. Í þessu samhengi bendir nefndin á að nokkur ákvæði sáttmálans, þ.á m. ákvæði 4., 12., 22., 25. og 27. gr., ganga lengra en ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sem þó hefur verið felldur inn í íslenska löggjöf.

Nefndin hvetur aðildarríkið til að tryggja að öll réttindi sem njóta verndar samkvæmt sáttmálanum verði gerð virk að íslenskum lögum.

10. Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir því að í 100. gr. a laga nr. 99/2002, um breytingu á almennum hegningarlögum, er að finna óljósa og víðtæka skilgreiningu á hryðjuverkum, sem gæti náð til lögmæts athæfis í lýðræðisþjóðfélagi og stefnt því í hættu, einkum þátttöku í opinberum mótmælum (sjá 2. og 21. gr. sáttmálans).

Aðildarríkið móti og taki upp nákvæmari skilgreiningu á hryðjuverkum.

11. Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir miklum fjölda tilkynntra nauðgana í aðildarríkinu samanborið við fjölda lögsókna vegna nauðgunar. Nefndin minnir á að óvissa torveldar sakfellingu en ekki lögsókn og að það er hlutverk dómstóla að ákvarða hvort sök teljist sönnuð eður ei (sjá 3., 7. og 26. gr. sáttmálans).

Nefndin mælist til þess að aðildarríkið tryggi að ekki sé látið hjá líða að refsa fyrir nauðgun.

12. Nefndin fagnar þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að styðja þolendur heimilisofbeldis, en lýsir áhyggjum sínum yfir virkni nálgunarbanns (sjá 3., 7. og 26. gr. sáttmálans).

Aðildarríkið er hvatt til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja konum viðeigandi vörn gegn heimilisofbeldi.

13. Nefndinni er kunnugt um setningu laga nr. 40/2003, um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem fram kemur ný skilgreining á mansali, en lýsir áhyggjum sínum yfir því að mansal er vaxandi vandamál í aðildarríkinu (sjá 8. gr. sáttmálans).

Aðildarríkið ætti tafarlaust að hrinda í framkvæmd landsáætlun um þetta mál.

14. Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir upplýsingum frá sendinefndinni þar sem fram kemur að þeir sem sakfelldir eru fyrir minni háttar brot geti ekki skotið sakfellingu og dómi til æðri dómstóls nema í undantekningartilvikum með leyfi Hæstaréttar (sjá 5. mgr. 14. gr. sáttmálans).

Aðildarríkið ætti að viðurkenna rétt allra sem sakfelldir eru fyrir refsiverða háttsemi til að skjóta sakfellingunni og dómnum til æðri dómstóls.

15. Aðildarríkið ætti að dreifa sem víðast texta fjórðu tímabilsskýrslu sinnar ásamt þessum lokaathugasemdum.

16. Samkvæmt 5. mgr. 71. gr. vinnureglna nefndarinnar ber aðildarríkinu að veita upplýsingar um framkvæmd tilmæla nefndarinnar sem fram koma í 11. gr. hér að ofan innan árs. Nefndin fer þess á leit við aðildarríkið að það veiti upplýsingar um framkvæmd annarra tilmæla hennar, svo og sáttmálans í heild, í næstu skýrslu sinni, sem ráðgert er að það skili fyrir 1. apríl 2010.